

Sál! Páll postuli 1

Eftir Konráð Rúnar Friðfinnsson

Einu sinni var maður sem gerðist lærisveinn Jesús. Þið vitið, hans sem var alltaf að lækna menn og gera kraftaverk í augnsýn þeirra. Þessi maður heitir Páll. Oftast kallaður Páll postuli. Áður en Páll gerðist liðsmaður Jesú ofsótti hann fólkið sem aðhylltust kennslu Jesú, setti marga af þeim í fangelsi, drap suma og aðhafðist hvað sem hann gat og kunni til að uppræta þessa söfnuði sem spruttu upp í borgum svo að ekki varð við neitt ráðið. Slíkur var vöxturinn og áhugi manna fyrir fagnaðarerindinu strax í upphafi. Eitthvað varð að gera til að stöðva hreyfinguna sem flæddi yfir eins og á í örum vexti. Páll tók því til sinna ráða með fullu samþykki og blessun prestanna og þeirra sem réðu lögum og lofum í landinu. Og fór borg úr borg þessara erinda.

Páll óð inn á heimili manna og dró fólkið nauðugt út, lúskraði á því ef það mætti verða til að fólkið afneitaði trú sinn á Jesú, hans sem læknaði sjúka á hvíldardegi og bað fyrir öllum. " Vegurinn liggur í gegnum mig sjálfan. Fyrir trú á mig verða allir menn hólpnir af náð " Þetta var það sem Jesú kenndi.

Og Jesú tókst með orðum sínum að hneyksla fjölda manns, lærðra sem leikra. Páll var í þeim hópi sem hneykslaðist.

En vel að merkja. Þegar þessir atburðir áttu sér stað í lífi Páls hét hann ekki Páll heldur Sál og var lögmálskennandi og svo fær í lögmálinu að þar var honum hvergi skákað. Kunni hann það afturábak og áfram og hélt út í ystu æsar. Sál var maður vammlaus þegar kom að lögmáli Gyðinganna.

Móses kom niður af fjallinu með lögmálið ritað á steintöflur og færði lýð Guðs. Á þessum merkilegu steintöflum voru boðorðin tíu. Nú vissu Gyðingarnir hvernig þeir ættu að hegða sér til að verða Guði velþóknanlegir.

En tókst þeim þetta? Aldeilis ekki. Og Drottinn Jesús Kristur kom, dó á krossi og keypti menn undan strangleika lögmálsins með sínu eigin dýrmæta lífi. Sál var fyrir þær sakir verði keyptur. Þótt hann skyldi ekki málið þannig er hann ofsótti kristna menn.

Svona líta boðorðin tíu út:

" Guð talaði öll þessi orð og sagði: Ég er Drottinn Guð þinn, sem leiddi þig út af Egyptalandi, út úr þrælahúsinu. Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig. Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér né nokkrar myndir eftir því, sem er á himnum uppi, eður því, sem er á jörðu niðri, eður því, sem er í vötnunum undir jörðinni. Þú skalt ekki tilbiðja þær og ekki dýrka þær, því að ég, Drottinn Guð þinn, er vandlátur Guð, sem vitja misgjörða feðranna á börnunum, já í þriðja og fjórða lið, þeirra sem mig hata, en auðsýni miskunn þúsundum, þeirra sem elska mig og varðveita boðorð mín. Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma, því að Drottinn mun ekki láta þeim óhegnt, sem leggur nafn hans við hégóma. Minnstu þess að halda hvíldardaginn heilagan. Sex daga skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk en sjöundi dagurinn er hvíldardagur helgaður Drottni Guði þínum. Þá skalt þú ekkert verk vinna og ekki sonur þinn eða dóttir þín, þræll þinn eða ambátt þín eða skepnur þínar, eða nokkur útlendingur, sem hjá þér er innan borgarhliða þinna, því að á sex dögum gjörði

Drottinn himin og jörð, hafið og allt sem í þeim er, og hvíldist sjöunda daginn. Fyrir því blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann. Heiðra föður þinn og móður þína, svo að þú verðir langlífur í því landi, sem Drottinn Guð þinn gefur þér. Þú skalt ekki morð fremja. Þú skalt ekki drýgja hór. Þú skalt ekki stela. Þú skalt ekki bera ljúgvitni gegn náunga þínum. Þú skalt ekki girnast hús náunga þíns. Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxa hans eða asna, né nokkuð það, sem náungi þinn á. " (2Mós: 20. 1 - 17)

Guð krafði þjóð sína um að halda lögmálið. Sál, sem elskaði þjóðina og Guð, var með smáatriðin á hreinu.

Vandinn hins vegar var að Sál var blindaður einmitt af því sem hann taldi sig verja. Hann sá ekki er Messías kom til jarðarinnar sem Gamla testamentið sagði frá og Sál vitaskuld trúði. Hann vissi um Messías en þekkti ekki Jesú sem gerði verk Messíasar. Yfirskriftin á krossinum var: " Þessi er Konungur Gyðinga, " - og Sál gat komist inn fyrir fortjaldið og alla leið heim til Guðs í fyllingu tímans.

En svona sá Sál málið ekki og réðst því gegn lærisveinum frelsarans. Enda blindaður af kenningum og strangleika lögmálsins og kerfinu sem prestarnir höfðu búið til í kringum valdastóla sína. Samt talaði bókinn um þetta og kenndi mönnum að maður myndi koma í heiminn sem leysti mannkynið undan oki og klóm dauða og syndar og deyja fyrir afbrot Sál og míns.

Sál óx ásmegin í ofsóknum sínum og herjaði svo hart á þá að þeir urðu hvergi óhultir. Öryggisins vegna fóru fyrstu lærisveinarnir huldu höfði og hittust á laun og bjuggu sér til ákveðið táknið sem þeir rituðu á jörðina til að vera öryggir um að maðurinn sem þeir hittu væri á sama bát og þeir sjálfir. Táknin í sandinum sýndi fisk og fór þannig fram að annar teiknaði segjum efri hluta fisksins, og hinn neðri hlutann, þekkti hann merkið. Nú vissu menn hver var hvurs og óhætt að bjóða viðkomandi með sér þangað sem fólk kom saman til að lofa Drottinn og uppbyggjast í Orðinu. Á þessum tíma komu lærisveinarnir saman í heimahúsum. Heimilin voru samkomusalir þess tíma. Ef maðurinn tók ekki við sér með teikningunni var ekki óhætt að tala meira um átrúnað sinn á Jesú. Að segja meira gat merkt innrás Sál og hans manna.

Sál var ákveðinn maður. Hann skyldi uppræta " fénaðinn " sem dirfðist að tala gegn lögmálinu og flytja " rangsnúna " kenningar manns sem lærði til smiðs en hafði ekki " smurningu Guðs " yfir sínu lífi.

Og Sál sté á bak fáki sínum, sló í klárinn og reið í rykmekki út fyrir borgarhliðið. Gráir fyrir járnnum, brúnaþungir, og í miklum vígamóð þusti liðið eftir veginum í átt að Damaskuð með Sál í farabroddi. " Fram, fram mínir menn. Kennum kristnum þarfa lexíu. " - söng liðið sigurvist.

En Jesús var með aðra áætlun og tók völdin í sínar hendur og ógilti öll plön Sál um að ganga til bols og höfuðs á lærisveinunum í eitt skipti fyrir öll og þurrka þennan " blett " af Gyðingunum.

" En þegar hann var á ferð sinni kominn í nánd við Damaskus, leiftraði skyndilega um hann ljós af himni. Hann féll til jarðar og heyrði rödd segja við sig: Sál, Sál, hví ofsækir þú mig? En hann sagði: Hver ert þú, herra? Þá var svarað: Ég er

Jesús, sem þú ofsækir. En stött upp og gakk inn í borgina, og þér mun verða sagt, hvað þú átt að gjöra. Förunautar hans stóðu orðlausir. Þeir heyrðu að vísu raustina, en sáu engan. Sál reis á fætur, en þegar hann lauk upp augunum, sá hann ekkert. Þeir leiddu hann við hönd sér inn í Damaskus. Þrjá daga var hann sjónlaus og át hvorki né drakk. " (Post 9:3-9)

Hvað gerðist? Sál, þessi ógurlegi maður lá þarna ósjálfbjarga á jörðinni undan kraftinum sem mætti honum á veginum. Já, eins og lítið barn. Eins og fis sem blásið var á féll hann af gæðingnum. Sjálfur skelmirinn lá ósjálfbjarga og þurfti stuðning og leiðsögn aðstoðarmananna til að rata. Til að taka hattinn ofan af skömminni varð hann að þreifa fyrir sér með höndunum. Fálma og bera annan fótinn fram fyrir hinn af mestu varfærni. Kappinn var niðurlægður í augsyn hópsins af smíðssyninum Jesú. Sem nú var upprisinn en Sál ofsótti. Sjálfur Friðarhöfðinginn, frelsarinn, von Gyðinganna og heimsins alls olli öllu þessu hjá Sál.

Sál var nú kominn með nýtt hlutverk.

" Í Damaskus var læriveinn nokkur, sem hét Ananíás. Við hann sagði Drottinn í sýn: Ananíás. Hann svaraði: Hér er ég, Drottinn. Drottinn sagði við hann: Far þegar í stræti það, sem kallað er Hið beina, og í húsi Júdasar skaltu spyrja eftir manni frá Tarsus, er heitir Sál. Hann er að biðja. Og hann hefur í sýn séð mann, Ananíás að nafni, koma inn og leggja hendur yfir sig, til þess að hann fái aftur sjón. " (Post 9:10-12)

Drottinn kom til Annaníasar í sýn:

" Ananíás. Hann svaraði: Hér er ég, Drottinn. Drottinn sagði við hann: Far þegar í stræti það, sem kallað er Hið beina, og í húsi Júdasar skaltu spyrja eftir manni frá Tarsus, er heitir Sál. Hann er að biðja. Og hann hefur í sýn séð mann, Ananíás að nafni, koma inn og leggja hendur yfir sig, til þess að hann fái aftur sjón. Ananíás svaraði: Drottinn, heyrst hef ég marga segja frá manni þessum, hve mikið illt hann hefur gjört þínum heilögu í Jerúsalem. Og hér fer hann með vald frá æðstu prestunum að færa í bönd alla þá, sem ákalla nafn þitt. Drottinn sagði við hann: Far þú, því að þennan mann hef ég valið mér að verkfæri til þess að bera nafn mitt fram fyrir heiðingja, konunga og börn Ísraels, og ég mun sýna honum, hversu mikið hann verður að þola vegna nafns míns. " Post 9:10-16

Já, Drottinn hafði betur í glímunni við Sál. Drottinn mætti honum bara sjálfur á leiðinni til Damaskus og opinberaði fyrir honum hvað hann raunverulega var að gera með því að ráðast svona gegn sjálfum frelsisboðskapnum, þvert ofan í orð spámanna Gamla testamentisins sem spáðu nákvæmlega til um hvernig líf frelsarans yrði á jörðinni. Til að mynda Jesaja spámaður:

" Með þrenging og dómi var hann burt numinn, og hver af samtíðarmönnum hans hugsaði um það? Hann var hrifinn burt af landi lifenda, fyrir sakir syndar míns lýðs var hann lostinn til dauða. Og menn bjuggu honum gröf meðal illræðismanna, legstað með ríki, þótt hann hefði eigi ranglæti framið og svik væru ekki í munni hans. En Drottinn þóknaðist að kremja hann með harmkvælum: Þar sem hann fórnaði sjálfum sér í sektarforð, skyldi hann fá að líta afsprengi og lifa langa

ævi og áformi Drottins fyrir hans hönd framgengt verða. Vegna þeirra hörmunga, er sál hans þoldi, mun hann sjá ljós og seðjast. Þá menn læra að þekkja hann, mun hann, hinn réttláti, þjónn minn, gjöra marga réttláta, og hann mun bera misgjörðir þeirra. Fyrir því gef ég honum hina mörgu að hlutskipti, og hann mun öðlast hina voldugu að herfangi, fyrir það, að hann gaf líf sitt í dauðann og var með illræðismönnum talinn. En hann bar syndir margra og það fyrir illræðismönnum.

" Jes 53:8-12

Opinberunin breytti Sál úr óvini kristinnar í sannkristinn mann.

Sál lagði niður Sál nafnið og hét upp frá þessu Páll og fór land úr landi og sannaði fyrir mönnum að Jesú væri Messías sem Gamla testamentið segði koma ætti í heiminn.

Vitaskuld voru lærisveinarnir tortryggir og þurfti Páll að ávinna sér traust þeirra. Vitaskuld höfðu mennirnir vara á sér hvað (Sál) Pál áhrærði. En Drottinn var með og ólgan kringum Pál lægði og hann varð einn af þeim. Jesú er með sitt á hreinu.

Páll postuli 2

Guð er góður og getur breytt hvaða hjarta sem er. Sama hve hjartað hefur unnið gegn honum og talað á móti honum. Drottinn er fær um að breyta þessu og nota manninn í sína þágu og á sínum vegum. Og verk Guðsmannanna byrja að blessa samtímann og inn í framtíðina.

Orð Guðs fellur aldrei úr gildi og viðhelst í mannheimum vegna þess að Guð vakir yfir Orðinu og á til menn á hverjum tíma sem hlýða kallinu.

Páll postuli byrjaði að byggja upp það sem hann vann svo ötullega við að rífa niður. Jesú mætti honum á leiðinni til Damaskus og leiddi honum fyrir sjónir á hvaða vegi hann var. Og Páll skildi að Jesú væri upprisinn og fyrir Heilagann Anda og trú fæddist fram djörfung sem nauðsýnleg er til að trúin fái alla útbreiðslu og keyrð áfram með fullum þunga. Heilagur Andi var orðin huggari, verndari og kennari Páls og hann sá Jesú af lestri Gamla testamentisins sem hann orðið upplifði á nýjan hátt. Einkum þann hluta sem fjallaði um komu Messíasar til jarðarinnar. Spádómar sem fluttir voru mörg hundruð árum áður:

" Svo segir Drottinn, Ísraels Guð: Svo skuluð þér segja við Júdakonung, sem sendi yður til mín, til þess að spyrja mig: Her Faraós, sem lagður er af stað yður til hjálpar, mun snúa aftur til síns lands, til Egyptalands, og Kaldear munu og aftur snúa og herja á þessa borg, vinna hana og brenna hana í eldi. Svo segir Drottinn: Svíkið ekki sjálfa yður með því að segja: Kaldear munu vissulega fara burt frá oss! því að þeir fara ekki burt. Því að þótt þér fellduð allan her Kaldea, er á yður herjar, og ekki væru aðrir orðnir eftir af þeim en sverði lagðir menn, þá mundu þeir rísa upp, hver og einn í sínu tjaldi, og brenna þessa borg í eldi! En er her Kaldea fór burt frá Jerúsalem undan her Faraós, þá fór Jeremía frá Jerúsalem og hélt til Benjamínslands, til þess að taka þar á móti erfðahlut, mitt á meðal lýðsins. En er hann kom í Benjamínshlið, þá var þar fyrir varðmaður, að nafni Jería Selemjason, Hananíasonar. Hann þreif í Jeremía spámann og sagði: Þú ætlar að hlaupast burt til Kaldea! En Jeremía sagði: Það er lygi! Ég ætla ekki að hlaupast burt til Kaldea! En Jería hlustaði ekki á Jeremía og tók

hann höndum og fór með hann til höfðingjanna. Og höfðingjarnir reiddust Jeremía og börðu hann og settu hann í fangelsi í húsi Jónatans kanslara, því að það höfðu þeir gjört að dýflissu. Þannig komst Jeremía í prísundina og í hvelfinguna, og þar sat Jeremía allangan tíma. " (Jer 37:7-16)

Gyðingarnir ofsóttu Jeremía, á sama hátt og menn á tíma Jesú gerðu honum af völdum Sála hvers tíma.

En Páll var ekki lengur þátttakandi í ofsóknunum og genginn til liðs við kristna menn í borginni og hóf að starfa með þeim. Um leið og hreistrið féll af augum Páls og hann hafði hresst á nýjan leik tók hann skírn og reyndi að vingast við mennina í söfnuðunum. Hinu var ekki að leyna að þessi fyrrum ofsækjandi lærisveinanna var endurfæddur og hafði snúist til kristni og orðinn sannfærður um að Jesús dó fyrir syndir mannkyns. Hann ætlaði ekki að láta dökkan bakgrunn sinn verða að steini sem felldi hann á þessari leið sem hann nú var kominn á. Og Páll vildi gleyma fortíðinni. Láti honum hver sem vill.

" Sál var nokkra daga hjá lærisveinunum í Damaskus og tók þegar að prédika í samkunduhúsunum, að Jesús væri sonur Guðs. Allir þeir, sem heyrðu það, undruðust stórum og sögðu: Er þetta ekki maðurinn, sem í Jerúsalem hugðist eyða þeim, er ákölluðu þetta nafn? Kom hann ekki hingað til að fara með þá í böndum til æðstu prestanna? En Sál eflidist æ meir og gjörði þá Gyðinga, sem bjuggu í Damaskus, rökþrota, er hann sannaði, að Jesús væri Kristur. Að allmörgum dögum liðnum réðu Gyðingar með sér að taka hann af lífi. En Sál fékk vitneskju um ráðagjörð þeirra. Þeir gættu borgarhliðanna nótt og dag til að ná lífi hans. En lærisveinarnir tóku hann um nótt og komu honum út fyrir borgarmúrinn með því að láta hann síga ofan í körfu. " (Post 9:19-25)

Fortíð Páls var að baki og hann hafði ærið verk að vinna. Páll sá að eina lífsvon þjóðar sinnar væri að hún gengist við Jesú.

En margt breyttist hjá Páli með endurfæðingunni. Nú var þessi maður kominn í nákvæmlega sömu spor og bræður hans og systur sem máttu þola ofsóknir af völdum allra Sálanna sem enn voru eftir. Hann var kominn í flokk " holdsveikra " útskúfaðra manna. Páll fékk sjálfur að smakka hve mikið það kostar manninn að vera trúr trú sinni sem menn blindaðir eins og hann sjálfur var og höfðu ekki rétta sýn á því sem var að gerast og skír Guðs vilji ollu fólkinu. Páll þekkti þennan pól. Þekkti hugsunina sem lá til grundvallar. Í mörg ár hafði hann miðað og séð allt frá þessum sjónarhól og framkvæmt sín verk samkvæmt bestu vitund. En vitneskja hans, vit og lærdómur var ekki nóg. Meira þurfti að til. Páll (Sál) var á rangri leið. Viska hans byggði ekki á kletti, ekki á réttum upplýsingum, ekki á kærleika né miskunnssemi, heldur skammsýni, hroka og röngum ákvörðunum, á mannasetningum og kerfi sem gerði margt til að verja sjálft sig.

Fyrir augum Páls (Sáls) og fylgismanna hans var hula, slæða, sem gerði að verkum að hann sá ekki, skildi ekki, vissi ekki betur. En þetta var heldur ekki nóg. Þegar menn sjá ekki glögggt né hafa rétta sýn á aðstæður er hætta á skyssum. Sannleikurinn feykir þessu burt. sannleikurinn nefnilega sigrar.

Á veginum til Damaskus kom hið sanna í ljós. Jesú Kristur, sonur smiðsins mætti honum upprisinn.

Nú efaðist (Sál) Páll ekki lengur. Nú gat hann ekki lengur þrætt né spyrnt á móti. Hann hafði heyrt rödd hans með eigin eyrum. Rödd sem sagði skýrt og greinilega að hann væri að ofsækja sjálfan sannleikann, Messías, friðarboðskapinn og boðskap sem biði mönnum frið, í stað friðleysi, kjark, í stað kjarkleysis, óttaleysi, í stað ótta, skynsemi og vits, í stað heimsku og óráðsú og nýja náð á hverjum degi. Páll komst að raun um að Orð Jesú voru uppfylling lögmálsins en ekki sett því til höfuðs.

Allt opinberun frá hæðum sem Heilagur Andi gaf Páli að skilja sem nú var byrjaður að tala við hann og gefa honum ábendingar um hvaða stefna skildi tekin við útbreiðslu fagnaðarerindisins. Páll var ekki lengur síns eigin heldur verkfæri Guðs og honum til þægilegs ilms. (Til þægilegs ilms er afskaplega merkileg kennsla.)

" Eitt sinn er þeir voru að þjóna Drottni og föstuðu sagði heilagur andi: Skiljið frá mér til handa þá Barnabas og Sál til þess verks, sem ég hef kallað þá til. Síðan föstuðu þeir og báðust fyrir, lögðu hendur yfir þá og létu þá fara. Þeir fóru nú, sendir af heilögum anda, til Selevkiú og sigldu þaðan til Kýpur. Þegar þeir voru komnir til Salamis, boðuðu þeir orð Guðs í samkunduhúsum Gyðinga. Höfðu þeir og Jóhannes til aðstoðar. Þeir fóru um alla eyna, allt til Pafos. " (Post 13:2-6)

Páll kom til starfa á akri Drottins og sætti sömu meðferð og aðrir sem velja að ganga þrönga veginn til lífsins. Hann fann til gleðinnar sem er því samfara að boða fólki heilnæman og fagrann boðskapinn sem sonur smiðsins kom með til jarðarbúa en galt fyrir með lífi sínu. Allt að ráði Föðurins.

Páll gat verið hvass í orðum. Hann lét engan stöðva sig og framgekk í djörfung. Fullviss um réttmætið og að var frá Guði komið.

Heyrum orð Páls til Elýmas, töframanns:

" Gegn þeim stóð Elýmas, töframaðurinn, en svo er nafn hans útlagt. Reyndi hann að gjöra landstjórann fráhverfan trúnni. En Sál, sem og er nefndur Páll, hvessti á hann augun og sagði, fylltur heilögum anda: Þú djöfuls sonur, fullur allra véla og flærðar, óvinur alls réttlætis, ætlar þú aldrei að hætta að rangsnúa réttum vegum Drottins? Nú er hönd Drottins reidd gegn þér, og þú munt verða blindur og ekki sjá sól um tíma. Jafnskjótt féll yfir hann þoka og myrkur, og hann reikaði um og leitaði einhvers til að leiða sig. Þegar landstjórinn sá þennan atburð, varð hann gagntekinn af kenningu Drottins og tók trú. " (Post 13:8-12)

Páll komst að því að kraftur fylgir hverjum manni sem gengur heill á veginum með Jesú í trú. Í ritningatextanum sjáum við að Páll brúkar kraft Orðsins til að þagga niður í niðurrifstungu manns sem vill hindra framgang fagnaðarerindisins. Og Elýmas töframaður var gerður óvirkur með Orðinu. Sama Orð og felldi Sál forðum. Einnig kemur fram að landstjórinn varð gagntekinn af því sem augu hans sáu og hann gekk til liðs við Jesú og gerðist lærisveinn hans og varð hólpinn.

Drottinn notaði Pál meira. Páll ritaði söfnuðunum mörg bréf sem þeir lásu upp hver fyrir annan og hlutu að launum marghátaða hvatningu um að halda verkinu ótrauðir áfram. Bréfin voru skrifuð til að halda söfnuðum Drottins hreinum fyrir ágangi varga, úlfa í sauðargærum, sem byrjuðu strax að herja á söfnuði Krists. Ekki bara utanfrá heldur

einnig úr þeirra eigin röðum og kannski mest þaðan. Vargarnir sem Páll talar um er fólkið sem sundrar en sameinar ekki. Og Páll vissi að þessir vargar mundu eigi þyrma hjörðinni.

Drottinn gaf Páli umhyggju fyrir söfnuðunum og einnig að sjá hve starf kristilegu safnaðanna var mikilvægt samfélaginu. Skemmt og brotið samfélag kristinna manna er illa í stakk búið til að stunda öflugt bænalíf. Orð Páls eru sem sjá má enn í fullu gildi:

" Elskan sé flærðarlaus. Hafið andstyggð á hinu vonða, en haldið fast við hið góða. Sýnið hver öðrum bróðurkærleika og ástúð, og verið hver yðar fyrri til að veita öðrum virðing. Verið ekki hálfvolgir í áhuganum, verið brennandi í andanum. Þjónið Drottni. Verið glaðir í voninni, þolinmóðir í þjáningunni og staðfastir í bæninni. Takið þátt í þörfum heilagra, stundið gestrisni. Blessið þá, er ofsækja yður, blessið þá, en bölvið þeim ekki. Fagnið með fagnendum, grátið með grátendum. Berið sama hug til allra, hreykið yður ekki, en haldið yður að hinum lítilmóttlegu. Ætlið yður ekki hyggna með sjálfum yður. Gjaldið engum illt fyrir illt. Stundið það sem fagurt er fyrir sjónum allra manna. Hafið frið við alla menn að því leyti sem það er unnt og á yðar valdi. Hefnið yðar ekki sjálfir, þér elskaðir, heldur lofið hinni refsandi reiði Guðs að komast að, því að ritað er: Mín er hefndin, ég mun endurgjalda, segir Drottinn. " (Róm 12:9-19)

Saga Páls postula er sagan um að Guði sé ekkert um megn. Hann er alls megnugur og getur búið þannig um hnúta að menn gangi heils hugar á veginum. Páll lifir enn á meðal okkar gegnum Orð Guðs í Biblíunni. Orðið geymir sömu hvatningarorðin og frumkirkjan notaði. Orðinn sem Páll skrifaði eru enn sama blessun og var í öndverðu. Eðli mannsins hefur ekkert breyst þrátt fyrir breyttar umbúðir. Allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð. Drottinn Jesús Kristur er hinn sami í gær og í dag og um aldir. Að Hann skuli ekki breytast er vítamín sprauta inn í trúarlífið og styrkur okkar mannanna. Amen.